

Allsherjarnefnd Alþingis.

Alþingi
Erindi nr. P 119 / 2
komudagur 24 / 5 1995

Vegna hjálagðs afrits bréfs til herra, Þorsteins Pálssonar, dómsmálaráðherra, viljum við vekja athygli á, að þegar það var ritað, lá fyrir að frumvarp til breytinga á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, hefði að geyma ákvæði sem hefði haft í för með sér breytingar á starfssviði dómarafulltrúa. Í ljósi þess ber að skoða það að megináherslan í bréfinu er lögð á að tryggt verði að dómarafulltrúar fari áfram með dómsvald, þannig að eðli starfa þeirra verði ekki breytt. Það frumvarp sem nú hefur verið lagt fram virðist tryggja það.

Með frumvarpinu er tryggt að staða dómarafulltrúa uppfylli grunnreglur sjónarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þó viljum við leggja áherslu á að það hefur verið skoðun okkar eins og fram kemur í bréfinu til dómsmálaráðherra að fjölga beri dómurum við dómstóla landsins svo því marki verði náð að einungis dómaraar dæmi. Þá skoðun settum við fyrst fram í bréfi til Dómarafélags Íslands 11. apríl 1994. Þá viljum við benda á að það kerfi að með dómsvald fari tvær gerðir dómara, önnur lægra sett, hlýtur ætíð að vera undir gagnrýni sett.

Einnig viljum við vekja athygli á að eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði réðust til dómstólanna margir fulltrúar sem höfðu langa þjálfun og reynslu af dómsstörfum og höfðu sumir haft setningu sem dómaraar í lengri eða skemmri tíma. Hafa dómarafulltrúar starfað algerlega sjálfstætt að dómsstörfum og farið með alla málaflokka og í sumum tilvikum til jafns við héraðsdómara. Í þeim tilvikum hefur einungis verið munur á ráðningar- og launakjörum.

Virðingarfyllst,
Þorgerður Erlendsdóttir,
Jón Finnbjörnsson,
Ingveldur Einarsdóttir.

Hr. dómsmálaráðherra, Þorsteinn Pálsson,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Í tilefni af dómi Hæstaréttar fimmtudaginn 18. maí sl. í máli nr. 103/1994, er varðar stöðu dómarafulltrúa í dómskerfinu, sem og með hliðsjón af því að fram hefur komið opinberlega að ráðuneyti yðar hyggst bregðast við dómi réttarins með því að leggja til breytingar á l. nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, viljum við undirritaðir dómarafulltrúar leyfa okkur að koma á framfæri við yður sjónarmiðum okkar, þar sem fyrirhugaðar breytingar kunna að hafa í för með sér stórfellda breytingu á starfssviði okkar og högum.

Það er álit okkar að fjölga beri dómurum til þess að því marki verði náð að einungis dómaraar dæmi. Nái það sjónarmið ekki fram að ganga, leggjum við til að þeir fulltrúar sem öðlast hafa embættisgengi, sbr. 5. gr. laga nr. 92/1989 fari áfram með dómsvald, þannig að eðli starfs þess sem við höfum gegnt verði ekki breytt.

Við höfum helgað okkur dómstörfum og ekki haft ástæðu til að ætla að grundvallarbreyting á starfssviði okkar væri á næsta leiti, einkum í ljósi þeirra breytinga sem urðu á réttarkerfinu árið 1992.

Við viljum benda á að meðalaldur dómarafulltrúa í starfi er níu og hálf ár og allir hafa þeir dæmt í stórum málum sem smáum og flestir verið settir dómaraar um lengri eða skemmri tíma. Við viljum einnig minna á að ný dómstólalög eru í smíðum, en þá mun dómskerfinu væntanlega verða breytt verulega.

Þá viljum við leggja ríka áherslu að málið snýst ekki eingöngu um að fullnægja skuli lögum, það snýst ekki síður um það fólk sem gegnt hefur dómarafulltrúastöðum og sér nú fram á að að missa þau störf sem það var ráðið til að gegna. Óvíst er hversu lengi við munum geta gegnt fulltrúastöðu, verði starfssviðinu breytt í þá átt sem fyrirhuguð er, enda verður starfssviðið þá þess eðlis að óreyndir og óþjáfaðir lögfræðingar gætu fullkomlega gegnt starfanum.

Verði fyrirhuguð breyting á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds, lítum við svo á að störf okkar hafi verið lögð niður.

Að lokum bendum við á að auðvelt er að gera sér í hugarlund þá stórfelldu röskun sem óhjákvæmilega verður á störfum héraðsdómara við dómstólana, þegar mjög stór hluti starfa dómarafulltrúa flyst til þeirra, en hætta er á það hefði í för með sér að meðferð dómsmála drægist á langinn, þar sem margoft hefur komið fram að þeir séu nú þegar störfum hlaðnir.

Virðingarfyllst,

Ingveldur Einarsdóttir,
Þorgerður Erlendsdóttir,
Jón Finnbjörnsson,
Greta Baldursdóttir
Sigurjóna Símonardóttir,
Júlíus B. Georgsson,
Benedikt Bogason,
Arnfríður Einarsdóttir
Halla Bachmann Ólafsdóttir

Afrit sent:
Dómarafélag Íslands,
Allsherjarnefnd Alþingis.